

F lagnaðarboði

En leitið fyrst ríkis
Hans og réttlætis, og
þá mun allt þetta
veitast yður að auki.

Þúsund ára friðarríkið

En af stofni Ísaí mun kvistur fram spretta og angi upp vaxa af rótum Hans. Yfir Honum mun hvíla Andi Drottins: Andi vísdóms og skilnings, Andi ráðspeki og kraftar, Andi þekkingar og ótta Drottins. Unun Hans mun vera að óttast Drottin; Hann mun ekki dæma eftir því, sem augu Hans sjá, og ekki skera úr málum eftir því, sem eyru Hans heyra. Með réttvísi mun Hann dæma hina fátæku og skera með réttlæti úr málum hinna nauðstöddu í landinu; Hann mun ljósta ofbeldismanninn með sprota munns síns og deyða hinn óguðlega með Anda vara sinna. Réttlæti mun vera beltið um lendar Hans og trúfesti beltið um mjaðmir Hans. Þá mun úlfurinn búa hjá lambinu og pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum, kálfar, ung ljón og alifé ganga saman og smásveinn gæta þeirra. Kýr og birna munu vera á beit saman og kálfar og húnar liggja hvorir hjá öðrum; og ljónið mun hey eta sem naut. Brjóstmylkingurinn mun leika sér við holudyr nöðrunnar, og barnið nývanið af brjósti stinga hendi sinni inn í bæli hornormsins. Hvergi á mínu heilaga fjalli munu menn illt fremja eða

skaða gjöra; því að jörðin er full af þekkingu á Drottni, eins og djúp sjávarins er vötnum hulið. Á þeim degi mun rótarkvistur Ísaí standa sem hermerki fyrir þjóðirnar og heiðingjarnir leita Hans atkvæða, og bústaður Hans mun dýrölegur verða. Á þeim degi mun Drottinn útrétta hönd sína í annað sinn, til þess að endurkaupa þær leifar fólks síns, sem eftir eru í Assýríu, Norður-Egyptalandi, Suður-Egyptalandi, Blálandi, Elam, Sínear, Hamat og á eyjum hafsinns. Og Hann mun reisa merki fyrir þjóðirnar, heimta saman hina brottreknu menn úr Ísrael og safna saman hinum tvístruðu konum úr Júda frá fjórum höfuðáttum heimsins. Þá mun öfund Efraíms hverfa og fjandskapur Júda líða undir lok; Efraím mun ekki öfundast við Júda, og Júda ekki fjandskapast við Efraím. Þeir munu steypa sér niður á síðu Filista gegn vestri og ræna í sameiningu austurbyggja; Edóm og Móab munu þeir hremma, og Ammónítar verða þeim lýðskyldir. Og Drottinn mun þurrka upp voga Egyptahafs og bregða hendi sinni yfir fljótið í stríðum stormi og skipta því í sjö kvíslir, svo að yfir má ganga með skó á fótum. Og það skal verða brautarvegur fyrir þær leifar fólks Hans,

sem enn eru eftir í Assýríu, eins og var fyrir Ísrael, þá er hann fór af Egyptalandi.

Jesaja 11.

Hér má sjá hvernig hinn Heilagi spádóms Andi, lýsir því dýrðarríki, sem Kristur Jesús ávann sekum lýð með friðarverki sínu, og hvernig Hann samansafnar og heimtar heim hina helgu þjóð, svo að ekkert stenzst fyrir Hans valdi, og að hið komandi ríki hins heilaga lýðs, er grundvallað á rétti og réttlæti. Ennfremur hvernig Konungurinn lætur sér annnt um að hinir fátæku og nauðstöddu fái náð rétti sínum. Hvernig Hann eyðir ofbeldismönnum með Orði máttar síns, en hinir óguðlegu hníga dauðir fyrir Anda Hans.

Nú þarf lambið ekki að óttast úlfinn frammar, né mæðurnar að skilja grátandi við börn sín, kvíðandi því að þau verði úlfi ranglætisins og lastanna að bráð, dýrrifin, holdflett, sjónlaus og dauðvona. Því hryllilegt er fyrir hina mæddu móðir að sjá sinn unga son helsærðan eftir þjóna myrkrahöfðingjans, sem vaka yfir að sár hans verði ekki grædd.

Þess vegna er gleðin svo rík, því nú gátu for-eldrarnir fagnað yfir því að börnunum þeirra var engin hætta búin frammar.

Nú gat hinn ungi sveinn öruggur gætt hinnar sundurleitu hjarðar, sem undi mæta vel hag sínum.

Ljónið sóttist ekki lengur eftir holdi til að eta og eyða.

Nú var bróðurblóðunum ekki hellt út á jörðina frammar. Hornormurinn gerði ekki unga barninu nokkurt mein, því eðli hans var umbreytt.

Svo sýnir níunda versið oss að hin ýmsu dýr, sem hér eru nefnd, eru líkingar af mönnum og þjóðum, sem ekki þekktu sitt verk, að óttast og elska Guð, svo að þeir mættu ná að vera í Hans mynd.

Einar Einarsson.

Sjá Guð er mitt hjálpræði

Þakkið Drottni, því Hann er góður, því miskunn Hans varir að eilífu. Sálm. 107, 1.

Hver sem synd drýgir, heyrir djöflinum til, því að djöfullinn syndgar frá upphafi. Til þess birtist Guðs Sonur, að Hann skyldi brjóta niður verk djöfulsins. I. Jóh. 3, 8.

Í því birtist kærleikur Guðs meðal vor, að Guð hefir sent sinn Eingetinn Son í heiminn til þess að vér skyldum lifa fyrir Hann. I. Jóh. 4,9.

Af náð fékk ég að sjá, að Jesús Kristur kom í heiminn til þess að frelsa mig. Það Orð er satt, og í alla staði þess vert, að við því sé tekið, að Kristur Jesús kom í heiminn til að frelsa synduga menn, og er ég þeirra fremstur. I. Tím. 1, 15.

Jesús leitaði að mér. Hann sendi Orðið sitt í sínum þjónum, þar sem Hann sannaði sjálfan sig með kraftaverkum, undrum og táknum og útbýtingu Heilags Anda eftir sinni vild. Fyrir hið lifanda kröftuga Orð sannfærðist ég um, að ég var syndari, á breiða veginum, sem liggur til glötunar. Eg var í þjónustu Satans, heyrði honum til með því að ég hlýddi honum í blindni, óð svo áfram í syndinni lengra og lengra burt frá augliti Drottins. Eg kunni Faðir vor og margar utan að lærðar bænir og hafði Guðs Orð á vörum en hjartað var langt í burtu frá Guði.

Lof sé Guði fyrir sína óumræðilegu gjöf, Guðs Eingetinn Son og Heilagan Anda.

Drottinn leitaði að mér og gaf mér náð til að játa syndirnar og þvost í Jesú Blóði. Nú er ég endurkeypt Guði til handa með Blóði Jesú Krists. Drottinn Jesú hefir unnið undursamleg kraftaverk á mér og mínum. Fyrir bænir Sigurðar Sigvaldasonar læknaðist ég í handleggnum, sem var mér byrði, sökum stöðugra þjáninga. Eg fæ dag hvern að þreifa á mínum krossfesta og upprisna Frelsara. Honum sem frelsar úr öllum nauðum.

Lofað veri Jesú blessaða Nafn, sem öllum er fyrirbúið frelsi og lausn fyrir og lofaður sé Drottinn fyrir sína sígefandi lind, því ávallt þegar ég leita til Drottins og bið um fyrirbæn þess þjóns, sem Drottinn sannar sig í, er öllum þrengingum aflétt í Jesú Nafni.

ALMENNAR SAMKOMUR

boðun Fagnaðararindisins

Austurgötu 6, Hafnarfirði.

Sunnudaga kl. 2 og 8 e. h.

Þriðjudaga kl. 8 —

Fimmtudaga kl. 8 —

Laugardaga kl. 8 —

Ljáðu Drottni eyrað

Og í þeirri byggð voru fjárhirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði í kring um þá. Lúk. 2, 8-9.

Allt er á ferð og flugi, því allir eru að keppast við að undirbúa hátíðina, sem er í nánd. Enginn vill vera óviðbúinn. Allir hlutir eru færðir úr stað og allt er hreinsað, sópað og prýtt. Langt er síðan hjartað var upptekið af áhyggjum, hvað gefa skyldi vinum og vandamönnum í glaðning á hátíðinni og alltaf jukust áhyggjurnar eftir því, sem nær leið. Allt af bættust nýir limir í gjafahópin. Dagsins tími nægði ekki til annanna. Kaupmaðurinn varð að vaka, svo að allir gætu eftir vild komið og keypt svo ánægan og gleðin færi ekki fram hjá neinum, því nú voru allir vinir. Vinargjafirnar áttu að vekja til gleði og þakklætis, svo að öll hjörtu bættu við í þakklætis- og lofgjörðarsjóðinn, með hverri gjöf. Þó stundum brigði út af því. Stundum var eins og glampi vonbrigðanna í andlitinu. Vinargjöfin var ekki eins og óskað hafði verið, svo vanþakklætissjóðurinn þyngdist líka. Margra augu voru þrútin af áreynslu og mörg stunan leið frá brjósti húsfreyjunnar, af því hún náði ekki nógu fljótt í það, sem rétt áðan stóð til boða. Blótsyrðin runnu

Eg vil lofa Drottinn fyrir óverðskuldaða náð í Hans óteljandi og margvíslegu náðarverkum, er Hann hefir auðsýnt mér og mínum.

Sjá, nú Höfuð hneigt af kvöl,
og þyrnum hörðum stungið.
Ástin heit, mitt bar Hann böll.
Hans hjarta af kærleik þrungið.

Fyrir frelsið, mér ávannst þú,
með Blóðinu þínu rauða.
Lofa þig Jesú góði nú,
sem leystir mitt líf frá dauða.

Elín Árnadóttir.

nú eins og foss út af vörum, mitt í gjafa gleðinni. Áhyggjurnar höfðu nú komið öllu í uppnám. En úti í horni sínu sat hann blindi Jón. Hann vissi hvað tímanum leið, og þekkti svo vel endurtekning hátíðarinnar. Mátti svo vel vera að hugsa um það er hann heyrði og ihuga það, sem bar fyrir í önnunum. Lampi sjónarinnar var slokknaður, en lampi hinnar andlegu sjónar skein skært. Ekki af því hann mundi sjá hina margvíslegu skartgripi gjafana, sem svo margir voru uppteknir af. Jón var orðinn aldraður og átti margar minningar um Jólin. Þær voru eins og skuggi, sem hann vildi fjarlægja sem lengst úr huga sínum, svo hið skærasta ljós gæti nú eitt haft rúmið. Nú rann upp í huga hans lofsöngurinn er hirðarnir höfðu borið út um alla byggðina og hann staðnæmdest úti á Betlehemsvöllum eins og hann væri nú einn af hirðunum. Atburðirnir urðu nú allir fyrir hann. Áður var honum það óljóst, að sú sýn og opinberun, er englarnir höfðu kunngjört og Drottinn sendi hirðana með út um alla byggðina væri fyrir hann, en nú þegar hann er að hugsa um atburðina, sem urðu við opinberun Drottins. Dýrð Drottins ljómaði í kringum hirðana og sú sama dýrð ljómaði nú til Jóns svo hann var kominn mitt inn í sýnina og nú mundi hann ekki eftir að lampi augna hans var slokknaður. Allt hvarf fyrir söngnum og ljómanum er hann stóð í. Hann vissi nú að hirðunum einum var ekki ætluð þessi dýrð og friður. Jóni var nú gefinn hlutdeild í öllu, sem fram fór á Betlehemsvöllum því nú gaf hann sér tíma til að renna hug og hjarta, til þeirra gjafa er Drottinn sjálfur hafði gefið honum. Nú var Jón endurfæddur og endurnærður af dýrð Guðs, því Drottinn dýrðarinnar var búinn að hreinsa húsíð. Allur hverfuleiki hátíðarinnar var horfinn. Frelsarinn stóð ekki fyrir utan. Hann gekk inn í hrörlega hreysið og lýsti allt upp í hug og hjarta. Gleðin og friðurinn, þakklætið og lofsöngurinn bjó inni. Því kærleiks fundi Frelsarans var náð. Engin hátíð án þess að Frelsarinn sé inni í hjartanu. Engin gleði í því, sem er stundlegt. Því stundlega gleðin veitir ekki sálarfrið. Jón var nú kominn heim, þar sem allt var tilbúið og tilreitt fyrir Frelsarans náð. Ertu heima á þessari hátíð? Heima við brjóst Frelsara þíns, til að

njóta heimavistar með Honum, og gleði þín sú, að þú átt Frelsara og ert frelsaður? Allir aðrir söngvar þagna og bera ávöxt dauðans, en söngur englana vill bera þér elifu sigursöngvana, sem aldrei þagna og gleðina sem tekur aldrei enda. Ljáðu Drottni eyra þitt, til að þú megir heyra friðar- og sælusönginn og vera með að lofsyngja þínum eilífa og alsæla Frelsara, vitandi að Hann á hátíðarklæðin fyrir þig og þú njótir að bera þau, því þau fynast aldrei.

Réttlættir af trú höfum við frið við Guð. Biðjum við svo um að þeir, sem enn eru ekki búnir að þiggja hátíðarklæðin hjá Jesú, mættu nú með flýtir hefja göngu sína til Hans og meðtaka trúarréttlætið og finna sig í friðarsælu réttlætisins. Sannfærðir um frelsið í Kristi, og fagnandi í heimkynnum friðarins, af því þeir eru nú heima menn Guðs í hátíðarklæðum trúarinnar. að syndirnar eru burtteknar, því Frelsarinn er fæddur og Hans fundi náð.

Hver einn einasti, er boðinn að frelsisborði réttlætisins með iðrun og syndafyrirgefningu svo nú amar ekki syndin frammar og dauðinn slekkur ekki þá gleði er Guð bjó og gaf í vorum upp-
risna Frelsara.

Lofaðu Honum að gefa þér hátíðina, því Hann þráir það.

Leyf Honum að leiða þig til hinna mörgu blindu og þeirra sem Hann vill gefa þér tækifæri til að gleðja. Legg þú það í Hans vilja. Það verður gleði, sem þú munt finna í launum Hans. Hans sem kemur innan skamms og hefir launin með sér.

Kristur kennir þér að ganga í réttlætisklæðunum og þú þarft engar áhyggjur að hafa af því. Fylgdin er með Honum. Guð gefi þér náð til að rækja það hjálpræði er Guð gefur í Jesú Kristi Frelsara vorum. Svo þú hljóttir sigursönginn og berir ávöxt til þeirra mörgu, sem ekki enn heyra sitt kall.

Vér biðjum í Krists stað: Látið sættast við Guð, þann sem þekkti ekki synd, gjörði Hann að synd vor vegna, til þess að vér skyldum verða réttlæti Guðs í Honum.

II Kor. 5, 21.

Guðrún Jónsdóttir.

Náðargjöfin til lækninga

starfar enn

(Þetta er bréf til Korset seier í Noregi frá Halfdan Molvik, er fór nýlega til Ameríku).

Eg má til að segja ykkur nú þegar frá atburði, sem við urðum vottar að.

Br. W. Branham, sem þið hafið heyrt um fyrir nokkru hefir verið í Tacoma Vasington og haldið þar nokkrar samkomur. Við hjónin fengum aðeins einn dag tækifæri til að hlusta á hann. (Það var sunnudagurinn 16. maí). Það var sá undursamlegasti dagur, sem ég hefi lifað. Branham hefir, eins og þið vitið, náðargjöf Andans með að lækna, og nú ætla ég að lýsa samkomunum þennan dag, sem við vorum þar.


Við komum 15 mín. fyrir eitt, en samkoman átti að byrja kl. hálf þrjú, en þó var salurinn orðinn hálf fullur. (Þessi samkomusalur tók um 6000 manns). Þótt við kæmum svona snemma, þá gátum við ekki komist nógu innarlega. Á upphækkuninni kringum ræðustólinn, lá fjöldi af sjúku fólki og í salnum var sérstakt svæði, sem var eingöngu ætlað handa sjúku fólki, sem vildi fá fyrirbæn. Það tók fleiri hundruð manns. Klukkan hálf þrjú kom br. Branham inn og byrjaði undir eins að tala. Hann talaði í tvo og hálfan tíma, en svo undursamlega prédikun hefi ég aldrei heyrt á æfi minni fyrr. Hann bað ekki fyrir hinum veiku á þeirri samkomu, en talaði til syndaranna, að þeir þyrftu að frelsast og það voru fleiri hundruð, sem létu frelsast. Það var ekki erfitt að trúá, að 3000 sálir hefðu frelsast á fyrsta Hvítasunnudaginn. Eg get ekki trúað því að nokkur hafi farið út, án þess að frelsast, því að kraftur Guðs var svo mikill þar inni, að ég á engin orð yfir það. Næsta samkoma byrjaði kl. hálf átta, en fólkið fór ekki út heldur beið það kyrrt í salnum, til að tapa ekki sætunum sem það hafði. Á kvöld samkomunni talaði hann ekki eins lengi, en byrjaði fljótlega að biðja fyrir hinum sjúku.

Því var komið þannig fyrir, að sjúklingarnir gengu upp á pallinn við ræðustólinn öðru megin en út af honum hinumegin. Hann smurði ekki með olíu, en það aðeins stutta bæn fyrir hverjum einstökum. Eg brann af forvitni, að sjá hvað nú mundi ske, og ég fékk bæði að sjá og heyra. Guði séu eilífar þakkir! Haltir fóru að vegsama Guð, dönsuðu og hrópuðu, mállausir töluðu, heyrnarlausir heyrdðu og margt annað undursamlegt kom fyrir. Eg ætla að segja frá einstökum atriðum: Kona ein gekk upp á pallinn með barnið sitt, sem var rangeygt og sjálf var hún með berkla í hendinni. Hún og barnið urðu heilbrigð á einu augnabliki. Eitt barn hafði verið meðvitundarlaust í fleiri mánuði, (fékk það út af slysförum), því hafði verið haldið lifandi með því að sprauta næringu inn í blóðæðarnar. Þegar hann það fyrir því kom það undir eins til meðvitundar. Ein systir sem gekk með ígerð varð heilbrigð. Málleysingjar sem aldrei höfðu talað, byrjuðu að tala. Það var svo undursamlegt að sjá þetta, að ég get ekki lýst því eins og það var, en Branham var svo auðmjúkur og litillátur að manni lá við að gleyma honum.

Fyrir einstökum það hann nokkuð lengi, og þegar hann það, þá sagði hann oftast á þessa leið: „Drottinn þú veist að ég get ekkert af sjálfum mér, en gefðu mér kraft að reka þennan sjúkdóm út. Ekki mín vegna, heldur vegna þíns Nafns.“ Síðan kom kraftur Guðs yfir hann og þá sagði hann: „Í Jesú Nafni kom út.“ og sjúkdómurinn varð að vika.

Mér fannst að ég yrði að segja ykkur frá þessu. Við vorum eins og áður var sagt, aðeins einn dag, en hann var fimm daga og það skeði eins alla hina dagana, eins og þann fyrsta. Eg get sagt ykkur það vinir mínir, að horfa á þetta með sinum eigin augum, var okkur undursamlegt. Allir hlutir voru eins og við lesum um á dögum Jesú og postulanna Jesús er ávallt hinn sami, tími kraftaverkanna er ekki liðinn, heldur erum vér mitt í þeim.

Guðjón Gíslason þýddi.



Nýr himinn og ný jörð

Og einn af öldungunum tók til máls og sagði við mig: Þessir, sem skríddir eru hvítu skikkjunum, hverjir eru þeir og hvaðan eru þeir komnir? Og ég sagði við hann: Herra minn, þú veist það. Og hann sagði við mig: Þetta eru þeir, sem komnir eru úr þrengingunni miklu, og hafa þvegið skikkjur sínar og hvítfágað þær í Blóði Lambsins. Opb. 7, 13 - 14.

Hvítfágaða skikkjan í Blóði Lambsins. Allt var orðið nýtt. Hugsanirnar, sjónin heyrnin, ilm-anin, tilfinningin, smekkurinn, limirnir, þekkingin, sjónarmiðin, þroskinn, vöxturinn, áformin. Allt hið fyrra er farið: Syndin, dauðinn, svefninn, nóttin, myrkrið, kvölin, neyðin, óttinn, ófriðurinn, vonleysið, sjúkdómarnir, sárin, kaunin, svikinn, hræsnin, ilskan, þrjóskan, ágirndin, heimskan, agaleysið, hrokinn, drambið, kærleiksleysið, stærilætið, sjálfbirgingsskapurinn, fýsnirnar, girndin hrekkvísinn, bakmælginn, vantrúinn, ótrúmennskan, öfundin, vanþekkingin, lýgin, letin, saurlífnaðurinn, hjáguðadýrkunin, óhlýðnin, hatrið, ranglætið, skurðgoðin, hórdómurinn, þjófnaðurinn, ásælnin, drykkjuskapurinn, bölvíð, lastmælginn, manndrápin, og hvað sem það svo er, sem heyrir synd og dauða til.

Ekkert af þessu hræðilega og viðbjóðslega í fari mannsins og hjarta, fór í burt af sjálfu sér. Heldur aðeins við hreinsun í Blóði Lambsins, Orði eilífa lífsins, með því að líf Krists kæmist að og fengi unnið sitt hreinsunar- og frelsisverk, með því að niðurbjótta hið gamla, og uppbyggja hið nýja.

„Þetta eru þeir, sem komnir eru úr þrengingunni miklu.“ Þrengingin mikla var í því fólgin að láta af öllu hinu gamla, fyrra, sem var orðið svo rótgróið í lífi mannsins og honum orðið svo eiginlegt, og ómögulegt að losast við, nema að endurfæðast. Þegar endurfæðingin hafði átt sér stað, tók við gangan með Guði hinum alhreina, svo sá sem Honum fylgdi mundi einnig verða hreinn af Honum. Með fyrirgefningu syndanna hafði hann meðtekið hreinsunina og hreinsunarverkið hélt áfram, hann varð að hafa skikkjuna

bæði þvegna í laug endurfæðingarinnar og hvít-fágaða í fylgdinni með Frelsara sínum, í Blóði Lambsins, lífi Jesú, vera eitt með Honum, njóta fræðslu Hans og verka, visku Hans og speki, þroska og vaxtar, aga og stjórnar Hans, og varðveita allt Hans Orð og boð, elska Hann og þrá, í stöðugri fylgd með Honum, svo að Hann sé manninum allt í öllu, hann þekkir enga aðra hjálp, í hvaða efni sem er, sér eða öðrum til handa, hafi látið af að treysta mönnum og fylgja venjum heimsins, sínum eigin stóra manni og styrkleika. Kristur genginn inn í Heilögum Anda og krafti nýrrar sköpunar. Sá sem því hafði þvegið skikkju sína og hvítfágað í Blóði Lambsins, hafði afneitað sjálfum sér, tekið upp kross sinn daglega og fylgt Kristi, eftir þröngum vegi helgunarinnar, þar sem allt hið fyrra er farið. Hin háværu köll holdsins heyrast ekki frammar. Augun voru helguð til að sjá Drottinn, eyrun til að heyra Drottinn, málið til að lofa Drottinn, vegsama Hann og ákalla, hjartað til að geyma Hans Orð og ávaxta, fæturnir til að fylgja Drottni, tíminn til að helgast Drottni, tilfinningin til að njóta Drottins, ilmanin til að þekkja Drottinn og smekkurinn til að smakka hvað Drottinn er góður. Freistingarnar eru yfirunnar, himinn og jörð horfin, hagsmunirnir voru heima í Guðsríkinu, auðæfin höfðu misst allt sitt gildi. Hlutirnir í heiminum voru ekki frammar yndi augnanna, hjartað þráði ekkert af gæðum þessa lífs, því fjársjóðurinn var á himni. Vantrúin mátti sín ekkert, truflaði ekki frammar. Trúin fullvissa og fullkominn sigur, húsið hafði verið byggt á bjargi þekkingarinnar á Þríeinum Guði og gat því ekki hrunið. Boðorðin voru ekki brotin, en ávöxtuð og haldin. Hin fullkomna elska hafði útrekið óttan. Hinum fullkomna sigri hafði verið náð, en aðeins fyrir náð Guðs í Jesú Kristi. Sigri yfir freistingum, hneykslunum, fýsnum, syndum. Hinum gamla manni spillingarinnar.

Dyrnar höfðu verið opnaðar fyrir Konungi Dýrðarinnar, svo að Hann var öllu ráðandi, hjartað opið fyrir áminningum Hans og aga, umvöndunum og helgun. Lífmóðan rann stöðugt í hjartanu og flutti með sér fyllingu blessunar Krists, frá hinum eilífa Föður, og framleiddi eilífan sigursöng um vegsemd Guðs og Lambsins.

Frelsarinn minn góði læknaði mig

Haustið 1938 varð ég lasin og var það alllengi. Eg var heima og átti við mikla vanlíðan að búa, en í ágúst 1939 veiktist ég alvarlega, sem endaði með því að ég varð að fara á sjúkrahús og var þar allengi við læknaaðgerðir, sem virtust ekki bera neinn árangur.

Þá barst mér til eyrna frá góðri og Guð elskandi konu, sem vildi víst lengja mitt jarðneska líf ef kostur væri, að til væri sendiboði eða þjónn Drottins, Guðrún Jónsdóttir, sem með heitri og innilegri bæn til Frelsarans gæti læknað þá, sem því vildu trúa.

Lofaður sé góður Guð fyrir sína miklu náð og miskunn við mig auma og synduga. Um leið og ég hafði beðið þennan blessaða þjón að biðja fyrir mér fann ég batann.

Ó, Guð minn góður sé lofaður að eilífu, fyrir sína miklu náð og miskunn.

Nú í átta ár er ég búin að vera frísk og njóta margra yndisstunda. Góðum Guði sé lof og dýrð í Jesú blessaða Nafni.

Hjarta mitt er fullt af þakklæti við góðan Guð og Frelsara minn. Mig langar til að þakka þessa Guðs miskunn við mig, en ég get ekki nóg-samlega lofað og prísað Hans Nafn. Því segi ég með hjarta og munni í Jesú Nafni að blessaði Frelsarinn minn læknaði mig.

Guðrún Eiríksdóttir.

Skýlan var tekin frá hinum andlega helguðu augum svo að sjá mátti inn á nýjan himinn og nýja jörð, þar sem réttlætið ræður ríkjum, og heyra hina margbreytilegu yndisóma, frá hinum endurleysta fagnandi lýð. Þeir hólpnu höfðu vakað og verið á verði fyrir freistingum og svefni vanþekkingarinnar, þeir höfðu grafið eftir gulli eilífa Orðsins og höfðu nú sigurpálma í höndum sér, og nutu ávaxtanna af því að fylgja Kristi á Krossgöngu Hans. Smánaðir, fyrirlitnir, vinalausir, yfirgefdir og aðþrengdir.

Einar Einarsson.

Eins og var á dögum Nóa

Heilög Ritning fræðir oss um, hvað fólkið var að hugsa og hafast að, áður en Nóaflóðið gekk yfir jörðina og eyddi öllu holdi sem lífsanda hafði.

Að synir Guðs, sem fæddir voru og fræddir af Hans Orði, sinntu ekki sínu verki og gættu ekki sinnar tignar, en sameinuðust þeim, sem hvorki þekktu Guð, né dýrkuðu Hann. Að hugsanir mannhjartans voru því ekki annað en ilska alla daga. Þeir voru því, að vinna að hinum ýmsu áhugamálum sínum, svo sem að eta og drekka, kvænast og giftast, án þess að hugsa um, að þau væru Guði þóknanleg og án þess að bera fram fyrir Guð þær fórnir, er Honum bar. Þeir voru önnur kafnir í sjálfum sér, allt til síðustu stundar, svo að þeir vissu ekki af fyr en flóðið kom og hreif þá alla burt, frá verkum þeirra og hugsunum, sem ekki fundu náð í augum Guðs, því enginn var að hugsa um að þjóna Honum, eða taka til greina aðvaranir Hans.

Pó var örkin sem Nói var að byggja, eftir boði Guðs, fullkomið tákn þess að hætta væri á ferð.

Allt hold hafði spillt vegum sínum á jörðinni og jörðin fylltist af glæpaverkum, svo að Guð iðrði að hafa skapað þennan illa lýð, svo að Hann lét vatnsflóðið eyða þeim.

Einnig minnir Orð Guðs á eyðingu Sódómu hvernig þeir átu, drukku, keyptu, seldu, gróðursettu og reistu hús. Þeir heimtuðu yfir sig hinn harðasta dóm, með því að lifa í hinu viðbjóðslegasta saurlífi og synd allt til þess dags, að glæpaverk þeirra, risu svo hátt, að eldur og brennisteinn af himni, tortímdi þeim öllum, svo að enginn þeirra komst undan, aðeins hinn réttláti Lot, eins og Orð Guðs vitnar um.

Hvað mun nú Drottinn sjá, er Hann lítur yfir jörðina og rannsakar hjörtu og hugrenningar mannanna? Þegar mannleg augu sjá og greina, spillinguna og glæpaverkin, sem í dag fylla jörðina, og með skelfingu horfa á og geta naumast hugsað sér, að nokkru sinni hafi jörðin verið hlaðin öðrum eins, hvað þá meiri ranglætis- og syndaverkum. Mundi þá ekki mega búast við að nýtt syndaflóð kæmi og tortímdi öllu hinu spilla holdi, sem í dag byggir jörðina?

Nei, satt er það að sáttmálinn sem Guð gjörði við Nóa og niðja hans, að Hann skyldi aldrei framar eyða jörðina, með vatnsflóði, gengur ekki úr gildi. Tákn himinsins vitna um það, á meðan friðarboginn birtist í skýjunum. En ekki var öllu óhætt fyrir það, þó að Guð héldi sáttmálann, þá bar einnig manninum að halda hann. Því Guð sagði: En yðar eigin blóðs mun Eg hins vegar krefjast; af hverri skepu mun Eg þess krefjast og af manninum, af bróður hans, mun Eg krefjast lífs mannsins.

Því mörg bróður blóðin, hrópa í himininn og margar réttlætiskröfur Guðs hvíla yfir hinni gjörspilltu kynslóð, sem vanrækt hefir sáttmála Hans og Orð.

Enda má sjá, að eins og Örkin var tákn og vitnisburður um flóðið, sem koma mundi yfir jörðina á Nóa tíð. — Því ekki lét Guð byggja hafskip til að standa á þurru landi alla tíma. — Þannig og miklu fremur vitnar Guðs Orð og Andi um refsíðisflóð, sem ganga mun yfir allt hold, alla þá sem búa á öllu yfirborði jarðarinnar.

Kristur segir: Eins og var á dögum Nóa, þannig mun verða þegar Manns-Sonurinn opinberast.

Margir munu vera að sinna sínum margvíslegu verkum, án þess að sinna nokkuð um hvort þau eru Guði þóknanleg eða ekki.

Nemum því staðar í dag og lítum upp í hæðirnar til að sjá hin augljósu tákn um komu Manns-Sonarins og förum að sinna Orði Drottins, áður en dómsflóðið skellur yfir jörðina, annars mun fara eins og sagt hefir verið, að eyðing er búin öllu holdi engu síður, en var á dögum Nóa.

Einar Einarsson.

LEIÐRÉTTING. Í 2. vers. í Bæn er birtist í fyrra blaði hefir fallið úr í 3. línu: þín Ó, veit mér trú, þín miskunn eilíf er.

1. árg. 3. tölublað 1948

Gefið út af Sjálfseignarstofnuninni
Austurg. 6. Sími 9075. Hafnarfirði

Ritnefnd:

Einar Einarsson, Frímenn Ingvarsson
Ögmundur Jónsson.

EILÍFÐIN

D. O. Teasley.

D. O. Teasley.

Ég stóð út við end-a · dyr tímans, Við út-far-ar, mannkynsins

hlíð. Og starði út í ei-líf-u ár-in, Krists unað og drifhvít-a

lið. I heilagr-i viðkvæmni hneigði mitt höf-uð við ei-lífðar

göng. Og heyrði sum óþektu ynd-in, Úr englann a há-tíð-a söng

VIÐLAG

Undr-a ei lífð-in, Löng er ei-lífð-in.
Tím-ion renu út ut til ei-lífð-ar Öll á för um ut til ei-lífð-ar.

Heyr þú raun-a · spor · · in, Út til ei-lífð-ar,
Heyr þú spor-in, Heyr þú rauna spor-in, Heyr þú spor-in, út til eilífð-ar.

Ég hinkraði lengur og hugði
á hjartaslög árána þétt.
Og hugsaði' um sekt þeirra seku,
er sæti til vinstri var rétt.
Ég kipptist við klökkur í anda,
og kvölin varð ógurleg þá,
er eilífðar ópin og veinin
og angist hjá töpuðum sá.

Ég þóttist sjá dómarann sjálfan,
er settist í hásetið hvítt.
Og heyra á aldanna hrúnið,
er hævistin breyttist í nýtt.
Því tíminn, sem milljónir manna
í myrkur og gróf hefir leitt.
Mun skjálfa, er eilífðin opnast,
og alfarinn verða' ekki neitt.

Svo börnin góð, bróðir og systir,
ber öxin af ökrunum heim.
Því Brúðguminn bíður við dyrnar.
Hann blessar og tekur við þeim.
En tíminn er stuttur og talan,
sem tryggðin þín vann þetta sinn,
er færri en milljónir manna
sem misstu, og komust ei inn.

Sig. Sigvaldason þýddi.